

Fundur í sveitarstjórn

104. fundur sveitarstjórnar Langesbyggðar 2014 var haldinn fimmtudaginn 15. maí 2014 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Hilma Steinarsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Steinunn Leósdóttir og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð, Hilma gerði athugasemd við að hafa ekki fengið fundarboð.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 103/2014
Lögð fram til kynningar
2. Fundargerð frá atvinnu- og ferðamálanefnd dags. 28. apríl 2014
Lögð fram til kynningar, sveitarstjóra falið að koma fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar ásamt athugasemdum um álagningu skatta á flugsamgögnum á framfæri við Innanríkisráðuneytið.
Samþykkt samhljóða.
3. Fundargerð fræðslunefndar frá 25. apríl 2014
Lögð fram til kynningar, Sveitarstjórn Langesbyggðar felur sveitarstjóra og skólustjóra um að ræða við Vegagerðina um bætt umferðaröryggi við Langesveg.
Samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 5. maí 2014
Lögð fram til kynningar, Landbúnaðarnefnd fer fram á 1 milljón króna til fjárfestinga í skilarétt í Miðfjarðarnesi á árinu. Fundurinn lagði til að þessir fjármunir færu af framkvæmdarfé sveitarfélagsins fyrir 2014.
Samþykkt með 6 atkvæðum 1 situr hjá.
Óskað var eftir 500.000 króna fjárframlagi næstu fimm árin til uppbyggingar á réttum og gangnamannakofum í sveitarfélaginu. Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillöguna: Þeir sem samþykkja að Langesbyggð setji 500.000 krónur á ári á viðhald á réttum og gangnamannakofum næstu fimm árin.
Samþykkt með 5 atkvæðum og 2 sitja hjá
5. Fundargerð frá Vegagerðinni frá því 11. mars 2014
Lögð fram til kynningar
6. Fundargerð frá Vegagerðinni frá því 15. apríl 2014
Lögð fram til kynningar
7. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. apríl 2014

Lögð fram til kynningar

8. Bréf frá sjúkraflutningamönnum dagsett 28. apríl 2014
Lagt fram til kynningar, Sveitarstjóra falið að fá upplýsingar um hvernig safnast frá öðrum aðilum og meta á síðari stigum fjárför í verkefnið. Sveitarstjórn mun þá taka afstöðu til málsins síðar.
9. Fundarboð á aðalfund Stapa Lífeyrissjóðs dags. 16. apríl 2014
Lagt fram til kynningar
10. Bréf frá Tækifæri boð á aðalfund dags. 29. apríl 2014
Lagt fram til kynningar
11. Bréf frá Umhverfisstofnun vegna lokunar á urðunarstaðnum á Þórshöfn dags. 2. maí 2014
Lagt fram til kynningar
12. Bréf frá Umhverfisstofnun, stækkun veiðisvæðis hreindýra dags. 2. maí 2014
Erindinu er vísað til landbúnaðarnefndar.
13. Samningur við Skólastofuna
Lagður fram til kynningar
14. Kjörskrá og undirbúningur kosninga til Sveitarstjórnar 31. maí 2014
Kjörskrá liggur ekki fyrir og lagt er til að þessum lið verði frestað, en haldin verður aukafundur um málið í næstu viku.
Samþykkt samhljóða.
15. Tölvupóstur frá Vegagerðinni vegna stækkunar á höfn á Þórshöfn.
Lagt fram til kynningar.
16. Rannsóknarverkefni í Finnafirði
Umræða fór fram um fyrirbyggjandi drög að samningi sem legið hafa fyrir milli Langanesbyggðar, Vonpafjarðarhrepps, Eflu og Bremenports. Lögmenn sveitarfélaganna hafa unnið að samningnum og lagt mat á skuldbindingar og áhættu sveitarfélagsins. Mat þeirra er að samkomulagið sé nú orðið ásættanlegt.
Samningurinn fjallar um samvinnu milli aðilanna og þá rannsóknarvinnu sem framundan er, samningstíma, og úrlausnir álitafna sem upp gætu komið
Staðan á verkefninu er sú að í vetur hefur verið í gangi vinna við gerð nýs samnings milli aðila og undirbúningur undir þær rannsóknir sem stefnt var á að hefja í sumar. Á næstu vikum er stefnt að undirritun á samkomulaginu og í framhaldinu er áætlað að rannsóknarvinna geti hafist.
Bremenports hefur hafið undirbúning að rannsóknnum í og við Finnafirði til næstu 3 ára. Í ár er vilji til að hefja rannsóknir á lífríki á landi og sjó, framkvæma nákvæmar landmælingar á um 15 km² svæði, sjávardýpismælingar næst landi og skoða dýpi setlaga í firðinum og frumathugun jarðvegsrannsókna. Hugmyndin er að setja upp 2 veðurstöðvar á landi og eina á sjó. Einnig að settar verði upp tvær fullkomnar straum-og öldumælingarbaujur í og framan við fjarðarkjafittinn.

Leitað hefur verið tilboða í þessi verk og er stefnt á að kostnaður og fleiri atriði liggi fyrir fyrir í maí mánuði. Þá mun Bremenports leggja mat á framkvæmdir ársins. Á næstu dögum verður

landeigendum gerð grein fyrir vilja framkvæmdaraðila í þessum efnunum en þeim verið haldið upplýstum reglulega um framvindu málsins .

Lagt er til að fela Oddvita og Sveitarstjóra að klára samkomulagið og árita fyrir hönd Langanesbyggðar.

Samþykkt með 6 atkvæðum en 1 situr hjá, Hilma Steinarsdóttir, varamaður í sveitarstjórn, sem óskar eftir því að bókað sé að hún hafi ekki haft nægjanlegt tækifæri á að kynna sér málið.

17. Skólamiðstöð staða kostnaðarútreikningar og vinna.
Ólafur gerði grein fyrir verkefnastöðunni.

18. Skýrsla sveitarstjóra

- Efla fyrirhugar að opna starfsstöð á Þórshöfn á næstu vikum.
- Ólafur lagði fyrir samkomulag við Svalbarðshrepp er varðar kostnaðarhlutdeild þeirra í rekstri grunnskólans á Þórshöfn. Samrekstrarnefnd Langanesbyggðar hefur samþykkt samkomulagið.
Lagt er til að sveitarstjóri fái heimild sveitarstjórnar til að ganga frá samkomulaginu.
Samþykkt samhljóða.
- Ólafur lagði til kaup á þjónustuhúsi á tjaldsvæði áætluð fjárfesting um 3,5-4,0 milljónir króna fjárfestingin var samþykkt samhljóða fjármunir verða teknir af fjárfestingarkostnaði ársins.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 18:50